


FRAMKVÆMDAVÖKTUN VIÐ FRAMNESVEG:

GREINARGERÐ



HILDUR GESTSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2022

FS913-22261

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: **202205-071**

Þjóðminjasafnsnúmer: **2022-24**

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: **Sel 1-33, Sel-53, Sel-54 & Sel 1-55. BSS202230003: Umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur. Dagsett 26.04.2022**

Tilgangur: **Framkvæmdavakt vegna endurnýjun lagna**

Tegund: **Framkvæmdavakt**

Staðsetning: **Framnesvegur vestan Hringbrautar, Reykjavík**


GPS hnit: **355963, 408570**

Rannsóknartími: **11.05.2022-05.09.2022**

Leyfishafi: **Hildur Gestsdóttir**

Fjöldi starfsmanna: **4**

Samantekt



Mynd 1. Kort af framkvæmdasvæðinu við Framnesveg. Kortagerð Gylfi Helgason

Snemma í maí 2022 höfðu forsvarsmenn Veitna samband við Fornleifastofnun Íslands í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á Framnesvegi vestan Hringbrautar. Minjastofnun Íslands hafði farið fram á að framkvæmdir yrðu vaktaðar.¹ Áður hafði Borgarsögusafn Reykjavíkur skráð fjórar minjar frá 19. öld á framkvæmdasvæðinu, steinbæinn Birtingaholt (Framnesvegur 59), torfbæina Austurholt (Framnesvegur 64) og Litla Skipholt (Framnesvegur 68) auk túngarðs frá Seli við gatnamót Framnesvegur og Hringbrautar.²

Framkvæmdavaktin var staðin frá 11. maí og fram til 5. september 2022, með hléum. Ýmsir fornleifafræðingar stóðu vaktina á því tímabili, Hildur Gestsdóttir (leyfishafi),

¹ Henný Hafsteinsdóttir, 2022

² BSS2022030003



sniðum þeirra skurða sem grafnir voru. Það er
*Mynd 2. Skurður sunnan Framnesvegjar, framan við Framnesveg
59. Horft í norðvestur. Ljósmynd Gylfi Helgason.*

Gylfi Helgason, Adolf Friðriksson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Hildur Gestsdóttir og Gylfi Helgason sáu um greinargerð.

Í framkvæmdunum voru grafnir tveir 1.5x80 m skurðir niður á 0,5-1 m dýpt. Annar skurðurinn var grafinn í götuna norðan megin við Framnesveg, meðfram gangstéttarbrúninni, hinn í gangstéttina sunnan megin. Síðarnefndi skurðurinn teygði sig nokkra metra inn Grandaveg til suðurs (sjá **Error! Reference source not found.**). Fornleifafræðingar vöktuðu framkvæmdina á meðan gróftur fór fram.

Í ljós kom að búið var að jarðvegsskipta alls staðar þar sem grafið var (sjá Mynd 2). Einungis var grafið upp úr eldri lagnaskurðum, og hvergi sást í óraskaðan jarðveg, hvorki í botni né

því ljóst að ef eitthvað af þeim minjum sem skráðar voru af Borgarsögusafninu stóðu á því svæði sem skurðirnir lágu þá er búið að fjarlægja öll ummerki um þær á því svæði sem lagnaskurðirnir eru.

Heimildir

BSS20223003: Umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur. Dagsett 26.04.2022

Henný Hafsteinsdóttir. 2022. Bréf frá Henný Hafsteinsdóttur, minjaverði Reykjavíkur og nágrenis til Björns Guðmundssonar, Mannvit. Dagsett 29. apríl 2022. MÍ202204-0018/6.10.